

nr. 437 30. desember 1976 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 295 30. júlí 1976.

*Iðnaðarráðuneytið, 20. janúar 1977.*

F. h. r.

Páll Flygenring.

*Kristmundur Halldórsson.*

21. janúar 1977.

Nr. 64.

## S A M Þ Y K K T

fyrir Veidifélag Rangæinga.

### 1. gr.

Félagið heitir Veidifélag Rangæinga. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

### 2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Hólsár, Ytri-Rangár, Þverár og Eystri-Rangár, en þær eru:

Djúparhreppur: Bali I, Bali II, Bjóla I, Bjóla II, Bjóluhjáleiga, Borgartún I, Borgartún II, Brekka, Búð I, Dísukot, Eyrartún, Hábaer I, Hábaer II, Háir-Rimi II, Háir-Rimi III, Hákot, Hávarðarkot, Hrafnatóftir II, Hraukur, Húnakot, Jaðar, Litla-Rimakot, Melur, Miðkot, Norður-Nýibær, Oddspartur, Skarð, Skinnar, Sólbakki, Stóra-Rimakot, Suður-Nýibær, Tobbakot I, Tobbakot II, Unuhóll I, Unuhóll II, Vatnskot I, Vatnskot II, Vesturholt, Ægissíða I, Ægissíða II, Ægissíða III, Önnupartur, Hrafnatóftir I.

Holtahreppur: Árbæjarhjáleiga, Árbær, Árbæjarhellir.

Landmannahreppur: Árbakki, Austvaðsholt I, Austvaðsholt II, Bjalli, Efra-Sel, Galtalækur, Holtsmúli I, Holtsmúli II, Hrólfstaðahellir, Húsagarður, Leirubakki, Lunansholt I, Lækjarbotnar, Merkihvoll, Neðra-Sel, Réttanes, Snjallsteinshöfði, Tjörfastaðir, Vatnagarður.

Vestur-Landeyjahreppur: Eystri-Hóll, Grímsstaðir, Ytri-Hóll II, Hemla, Ytri-Hóll I.

Rangárvallahreppur: Ármót, Ártún, Bakkakot, Bolholt, Fróðholtshjáleiga, Gaddstaðir, Geldingalækur, Grafarbakki, Gröf, Gunnarsholt, Haukadalur, Heiðarbrekka, Heiði I, Heiði II, Helluvað I, Helluvað II, Helluvað III, Hjarðarbrekka, Hólar, Kaldbakur, Keldur, Ketilhúshagi, Kirkjubær, Lambhagi, Langekra, Minna-Hof, Nes, Næfurholt, Oddhóll, Oddi, Rauðnefstaðir, Reynifell, Selalækur, Selsund, Sólvellir, Stokkalækur, Stóra-Hof, Svinhagi, Varmidalur I, Varmidalur II, Vestra-Fróðholt, Vindás, Þingskálar, Þorleifsstaðir, Eystra-Fróðholt, Uxahryggur I og II.

Hvolhreppur: Akur, Árgilstaðir I, Árgilstaðir II, Bakkavöllur, Djúpidalur, Efrí-Hvoll, Gata, Hjarðartún, Kotvöllur, Króktún, Lynghagi, Markaskarð, Miðtún, Móeiðarhvoll I, Móeiðarhvoll II, Móeiðarhvolshjáleiga, Stórólshvoll, Vallarhjáleiga, Völlur I, Völlur II, Þinghóll, Dufþaksholt, Stóri-Moshvoll, Litli-Moshvoll, Langagerði, Brekkur, Uppsáir, Vestri-Garðsauki, Miðkriki, Tjaldhólar, Vindás, Giljur, Miðhús, Þórunúpur og Skeið.

Fljótshlíðarhreppur: Háimúli, Árkvörn, Eyvindarmúli, Múlakot I, Múlakot II, Hlíðarendakot, Nikulásarhús, Hlíðarendi, Hallskot, Neðri-Þverá, Deild, Gamba, Heylækur I, Heylækur II, Valstrýta, Efrí-Þverá, Teigur I, Teigur II, Smáratún,

Bollakot, Grjóta, Hellishólar, Arngeirstaðir, Kirkjulækur I, Kirkjulækur II, Kirkjulækur III, Kirkjulækjarkot I, Kirkjulækjarkot II, Kirkjulækjarkot III, Lambalækur, Kollabær I, Kollabær II, Kvoslækur, Ormskot, Stöðlakot, Tumastaðir, Tunga, Eystri-Torfastaðir I, Eystri-Torfastaðir II, Vestri-Torfastaðir I, Vestri-Torfastaðir II, Vestri-Torfastaðir III, Fagrahlíð, Kotmúli, Sámsstaðir I, Sámsstaðir II, Sámsstaðir III, efri og neðri, Bjargarkot, Árnagerði, Ásvöllur, Lambey, Staðarbakki, Breiðabólstaður, Flókastaðir, Núpur I, Núpur II, Vatnsdalur, Butra, Hlíðarból.

### 3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og að leigja það til stangaveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

### 4. gr.

Stjórn félagsins skipa sjö menn, formaður og sex meðstjórnendur, sem skulu vera frá deildarsvæðunum, þ. e. tveir frá hverju svæði, en sjöundi stjórnarmaður, sem verður formaður, óbundinn, hvað búsetu snertir. Varaformann skal kjósa á sama hátt. Aðalfundur deilda skulu tilnefna þessa tvo menn, hver á sínu svæði, og tvo varamenn þeirra. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, þrjú meðstjórnendur eftir tvö ár, og hinir eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagismaður getur skorast undan endurskoðningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar endurskoðandinn gangi út annað árið en hinn hitt árið.

### 5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar, eða þess aðila, sem hún veitir umboð til að gefa slíkt leyfi. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

### 6. gr.

Aðalfundur skal halda í marsmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

### 7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

### 8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

### 9. gr.

Félagið starfar í þremur deildum, ein deildin nái til eystri bakka Hólsár og allrar Þverár milli Ytri-Rangár og Eystri-Rangár og Eystri-Rangár ásamt fiskgengum ám og lækjum, sem í Eystri-Rangá falla. Önnur deildin taki til vestari bakka Hólsár

og allrar Ytri-Rangár ásamt fiskgengum ám og lækjum sem í Ytri-Rangá falla. Þriðja deildin nær til Þverár ofan ármóta hennar og Eystri-Rangár, ásamt fiskgengum lækjum sem í hana falla.

Skal hver deild sjá um ráðstöfun veiði fyrir það svæði, sem hún tekur yfir, með þeim takmörkunum, sem aðalfundur félagsins setur. Hver deild skal kjósa sér þriggja manna stjórn og aðra starfsmenn á grundvelli samþykktar þessarar og hafa skýrslur og greinargerðir tilbúnar þremur vikum fyrir aðalfund félagsins.

Aðalfundur deilda skulu haldnir í febrúar ár hvert.

#### 10. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 21. janúar 1977.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Ragnheiður Árnadóttir.*

10. janúar 1977.

Nr. 65.

## REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Vörubílstjórafélagins Neista, Vestur-Skaftafellssýslu.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Vörubílstjórafélagins Neista, en það nær yfir Vestur-Skaftafellssýslu.

#### 2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæðinu takmarkast við hámarks-töluna 15, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélagins Neista og sýslunefndar Vestur-Skaftafellssýslu.

#### 3. gr.

Leiguakstur telst þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

Vörubifreiðar félagsins skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki.

#### 4. gr.

Tvisvar á ári, þ. e. í aprílmánuði og októbermánuði, veitir Vörubílstjórafélag Vestur-Skaftafellssýslu viðtöku nýjum umsóknnum um afgreiðslu fyrir leigubifreiðar til vöruflutninga á félagssvæðinu. Skal þá bæta við þeim fjölda vörubifreiða, er nægir til þess að fylla hámarkstölu 15.

Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð, en án tillits til þess hvar á félagssvæðinu umsækjendur eru búsettir, uns framan-greindu marki er náð.